

Próftakar eru prófaðir úr fjórum prófpáttum af fimm, samtals 100%

Prófpættir			Vægi	Annað
<b>1</b>	<b>Rafmagnsteikningar</b>	<b>140 mín.</b>	<b>30%</b>	
	Rafmagnsteikningar, notkun og skilningur. Teikna upp rafkerfi samkvæmt DIN staðli.			
	Notkun og skilningur rafmagnsteikninga, sýna virkni rafrása.			
	Spurningar			

<b>2</b>	<b>Vélar</b>	<b>140 mín.</b>	<b>30%</b>	
	Vinna við vélar, t.d. setja saman vélar eða skipta um tímabúnað, nota viðeigandi upplýsingar úr viðgerðabók við verkið. Meta ástand og útskýra virkni íhluta.			
	Spurningar			
<b>3</b>	<b>Bilanaleit í rafbúnaði</b>	<b>140 mín.</b>	<b>30%</b>	
	Bilanaleit í rafbúnaði, nota viðeigandi mælibúnað og skrá verklýsingu.			
	Spurningar			
<b>4</b>	<b>Aflrás</b>	<b>80 mín.</b>	<b>20%</b>	
	Meta ástand íhluta gírkassa og setja saman gírkassa eða setja saman og stilla drif samkvæmt viðgerðarupplýsingum			
	Spurningar			

5	Viðhaldsþjónusta/bilanagreining	80 mín.	20%	
	Próftaki fær amk. eitt af eftirfarandi verkefnum: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Mælingar og mat á hleðslukerfi</li> <li>• Framkvæma viðhaldsþjónustu.</li> <li>• Meta ástand hemla</li> <li>• Spurningar fylgja hverju verkefni</li> </ul>			

## Einkunnagjöf

Einkunn 10 vísar til þess að	95% - 100% markmiða var náð
Einkunn 9 vísar til þess að	85% - 94% markmiða var náð
Einkunn 8 vísar til þess að	75% - 84% markmiða var náð
Einkunn 7 vísar til þess að	65% - 74% markmiða var náð
Einkunn 6 vísar til þess að	55% - 64% markmiða var náð
Einkunn 5 vísar til þess að	45% - 54% markmiða var náð
Einkunn 4 vísar til þess að	35% - 44% markmiða var náð
Einkunn 3 vísar til þess að	25% - 34% markmiða var náð
Einkunn 2 vísar til þess að	15% - 24% markmiða var náð
Einkunn 1 vísar til þess að	0% - 14% markmiða var náð

### Skil á einkunnum og prófsýning

Formenn sveinsprófsnefnda skila einkunnum á sveinsprófi til lðunnar ekki seinna en fjórtán dögum eftir að sveinsprófi lýkur. Próftakar fá niðurstöður sveinsprófa, sveinsbréfabókina, afhenta eigi síðar en fjórum vikum eftir að prófið hefur verið haldið. *Ekki verða veittar upplýsingar um gengi próftaka í prófinu í síma, munnlega eða eftir öðrum leiðum fyrir þann tíma.*

Prófsýning í verklegum þætti sveinsprófs í bifvélavirkjun fer fram að loknu sveinsprófi. Sveinsprófsnefnd tilkynnir próftaka að loknu prófi hvort hann hafi staðist prófið eða ekki. Próftaki getur óskað eftir útskýringum á mati sveinsprófsnefndar. Sveinsprófsnefnd ber ábyrgð á að sveinsprófsverkefni sé varðveitt með ákveðnum hætti, s.s. eins og með mynd eða öðrum sannanlegum hætti. Öðrum skriflegum úrlausnum skal eytt á tryggilegan hátt að þeim tíma liðnum og er sveinsprófsnefnd ábyrg fyrir þeirri framkvæmd.

## Almennar reglur

- Próftaki skal mæta til prófs á réttum tíma. Minnst 15 mín. fyrir próf.
- Próftaki má hafa með sér gögn og verkfæri sem eru gefin upp í upplýsingabréfi.
- Þurfi próftaki að yfirgefa prófsvæðið á meðan próf stendur yfir skal það gert í samráði við prófdómara.
- Ef próftaki mætir 15 mín. of seint í próf getur hann átt á hættu að vera vísað frá prófi.
- Ef um veikindi er að ræða í verklegu prófi verður viðkomandi sveinsprófstaki að bíða þar til næsta próf verður í boði. Sjúkrapróf er í boði fyrir skriflegt próf.
- Ef próftaki óskar eftir sérúrræði í sveinsprófi, s.s. lengri próftíma, þarf að skila inn staðfesting eða vottorði frá þar til bærum sérfræðingi í síðasta lagi 2 vikum áður en próf hefst.

*Þessar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um breytingar.*